

5. gr.

Gjöld vegna sérstakrar þjónustu á sviði mengunarvarna.

Hollustuvernd ríkisins skal innheimta gjöld vegna eftirfarandi þjónustu sem hér segir:

- | | |
|--|------------|
| 1. Vegna viðurkenningar á rotþrósm, | kr. 10.000 |
| sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 48/1994, með síðari breytingum. | |
| 2. Vegna viðurkenningar á olíuskiljum, | kr. 10.000 |
| sbr. 51. gr. reglugerðar nr. 35/1994. | |
| 3. Vegna viðurkenningar á amalgamskiljum, | kr. 25.000 |
| sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 79/1996. | |
| 4. Vegna afgreiðslu tilkynninga um flutning á úrgangi milli landa, | kr. 25.000 |
| sbr. reglugerð nr. 377/1994. | |

6. gr.

Innheimta.

Hollustuvernd ríkisins innheimtir gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

Eindagi er 30 dögum eftir útsendingu reiknings. Heimilt er að innheimta dráttarvexti sé gjald þetta ekki greitt á eindaga.

Um innheimtu fer að öðru leyti samkvæmt lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum.

7. gr.

Frávik frá gjaldskrá.

Fari mengunarmælingar ekki fram samkvæmt því sem segir í 5. gr. reglugerðar nr. 48/1994 er heimilt að lækka gjaldið til þess tíma að mengunarmæling hefur farið fram.

8. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 17. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti, og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 183/1993.

Umhverfísráðuneytinu, 13. desember 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um frestun álagningar gjalda samkvæmt 6. gr. laga nr. 56/1996 um spilliefnagjald.

Álagningu gjalda samkvæmt 6. gr. laga nr. 56/1996 um spilliefnagjald er frestað til 1. mars 1997, samkvæmt heimild í ákvæðum til bráðgabirgða í lögnum. Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Umhverfísráðuneytinu, 13. desember 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.